

Ærslabelgur í Hafnarfjörður!!!



Þann 22. október 2017 rituðu Vala Björk og Hafdís Ólöf úr 7. KS í Hvaleyrarskóla Haraldi bæjarstjóra bréf þar sem óskað var eftir því að settur yrði upp Ærslabelgur í Hafnarfirði. Nokkru seinn kallaði bæjarstjóri þær til fundar ásamt íþrótt- og tómstundafulltrúa til að fá frekari lýsingu á þessu fyrirbæri.

Stúlkurnar færðu góð rök fyrir því að HeilsuBærinn Hafnarfjörður myndi eignast þetta leiktæki. „Við höldum að það að fá ærslabelg getið verið góð afþreying fyrir börn og unglinga og jafnvel heilu fjölskyldurnar svo krakkar fari meira út að leika sér og eyði kannski minni tíma í sjóvarpsgláp og vera í símanum“.

Ærslabelgur er loftknúinn hoppudýna sem er niðurgrafin og jafnhá landslaginu.

Til er í fjárhagsáætlun 3 milljónir sem ætlaðar voru í að kaupa Hreystibraut, en einkaleyfishafinn hefur ekki getað orðið við beiðnum Hafnarfjarðarbæjar varðandi samninga um kaup og uppsetningu á slíkri braut. Auk þess eru til fjármunir í heilsuefandi verkefni sem nýtast bæjarbúum.



Uppsetning á Ærslabelg tekur tvo til þrjá daga og er alfarið í höndum söluaðila. Lýsing er í fylgiskjali. En loftdæla heldur tækinu gangandi og hægt er að setja tímastilli og loka því um nætur og yfir harðasta veturinn en þá flytja menn inn loftdæluna.

Til eru nokkrar stærðir og mismunandi litir sjá mynd og fylgiskjal.

Góð reynsla hefur verið af þessum leiktæki í minni sveitarfélögum og svo í Húsdýragarðinum auk þess sem þau eru víða á tjald- og sumarhúsasvæðum.


Tillaga að útfærslu – tveir Ærslabelgir

Samtal hefur átt sér stað milli undirritaðs, garðyrkjustjóra og forstöðumanns þjónustumiðstöðvar varðandi staðsetningu og kosti og galla þessa tækis.



Í hugmyndum varðandi uppbyggingu á Víðistaðatúni var reiknað með að fjölga leiktækjum og fellur þetta vel að þeirri uppbyggingu. Lagt er til að fundinn verði staður á túninu og þar settur belgur sem er 11 x 9 metrar. Tækið mun tengjast svæðinu vel og nýfast öllum bæjarbúum og gestum. Skátarnir myndu taka að sér að hugsa um tækið en þeir sjá um tjaldsvæði og grillhúsið. Tjaldsvæðið hefur fælingarmát gagnvart skemmdarverkum.

Ósk stúlkanna var að tækið yrði sett í syðri hluta bæjarins en allir aldurshópar barna munu sækja í tækið og langt er á milli bæjarhluta og því er stungið upp á því að annar belgur yrði settur upp þar. Stungið er upp á Óla Runstúni eða við sundlaug en til vara Ljónagryfja eða róluvöllur við Skipalón og þar yrði settur minni belgur eða 8,7 x 9 metra. Ef tækið væri á Óla Runstúni myndi Smáralundur heilsueflandi leikskóli hugsa um tækið. Til vara væri hægt að horfa á Hörðuvelli þar sem er nóg pláss, nálægt mörgum skólahverfum og svæðið yrði mun vinsælla meðal bæjarbúa.



Ærslabelgur mun örugglega ýta undir útiveru og hreyfingu barna og stuðla að auknum samskiptum milli barna á breiðum aldri. Eitt af markmiðum Heilsubæjarins er að ýta undir hreyfingu bæjarbúa og þetta verkefni hittir beint í mark.



14. mars 2018

Geir Bjarnason

Ingibjörg Sigurðardóttir

Björn B. Hilmarsson



https://www.google.is/search?q=%C3%86rslabelgir&rlz=1C5CHFA_enIS763IS763&source=lnms&tbn=isch&sa=X&ved=0ahUKEwiTnpz1-ujZAWhAJokHavvAqIQ_AUICigB&biw=1440&bih=689#imgsrc=d6oisqL7D375nM



Góðan dag.

Hér eru þá stærðir til að velja úr og verð.

1. 6.25x7=44m² kr. 1.100.000.- + vsk.
2. 8.7x9=78m² kr. 1.430.000.- + vsk.
3. 11.2x9=101m² kr. 1.750.000.- + vsk.
4. 13.65x10=136m² kr. 1.910.000.- + vsk.
5. 16.10x10=161m² kr. 2.060.000.- + vsk.

Undirritaður hóf innflutning á Ærslabelgjum frá Danmörku árið 2005 eftir að hafa kynnst þeim í frii þar með fjölskyldunni.

Síðan þá hafa Ærslabelgir verið settir upp á eftirtöldum stöðum.

Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn
Töfragarðurinn Stokkseyri
Bjarg á Arnarstapa
Krossar rétt við Dalvík.
Í Miðdal - Félag Bókagerðarmanna
Við Apavatn hjá Rafiðnaðarsambandi Íslands
Sumarhúsabyggð VR í Miðhúsaskógi
Á Hellishólum í Fljótshlíð
Einarsstaðir - Rafiðnaðarsambandið
Tjaldstaðið við Varmahlíð
Keflavík - 88 húsið
Tjaldsvæðið Tálknafirði
Á Patreksfirði
Félag VM á Laugarvatni
Á Flateyri
Í Skjóli milli Geysis og Gullfoss

Ofi ofl.

Uppsetning tekur ca. 2 - 3 daga.

Belgirnir hafa reynst frábærlega á allan hátt. Þeim má loka með því að taka loftdælu úr sambandi og þeir snjóa einfaldlega á kaf yfir vetrartímann. Aðeins tekur nokkrar mínútur að blása belginn upp.

Við verkið þarf litla minigröfu með 40 cm. breiðri skóflu sem verktaki sér um að skaffa.

Dúkurinn er lagður niður og hælur settir niður í hornum. Svo er strengt á milli og kantskorið fyrir skurðinum. Dúkurinn er svo festur með sérstökum ankerum og efninu sem kemur upp er ýtt ofaní skurðinn aftur. 40 metrar af 50 cm breiðu torfi er síðan lagt í sárið, sem verkkaupi skaffar. Þetta er ekki mikið rask. Í einu horni er svo loftbarka komið fyrir undir dúknum en loftdælan er höfð í kassa ca. 5 metrum frá sem hægt er að læsa. Verkkaupi skaffar svo torf í skurðinn ca. 45 lengdarmetra.

50% greitt við pöntun. Rest þegar stungið er í samband.

GSM síminn minn er 662 2210

Hlakka til að heyra frá þér.

Með góðri kveðju,
Einar Karlsson.